



Samstarf Flóaskóla og Krakkaborgar

Starfsáætlun skólaárið 2023-2024

Markmið

- Að efla tengsl og samvinnu milli Flóaskóla og Krakkaborgar
- Að stuðla að vellíðan og öryggi nemenda við flutning milli skólastiga
- Að nemendur leikskólans fái tækifæri til að kynnst umhverfi og starfi grunnskólans á meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst.
- Að skapa samfellu í námi nemenda skólanna og efla þekkingu kennara á hæfni og getu nemenda við lok leikskóla
- Að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi
- Að auka samstarf um fagleg málefni
- Að kennarar Flóaskóla kynnist elstu nemendum Krakkaborgar, getu þeirra og hæfni

Tengiliðir

Flóaskóli: Hafdís Gígja Björnsdóttir, hafdisg@floaskoli.is

Krakkaborg: Eva deildarstjóri á Krummadeild, eva@krakkaborg.is

Skipulag

Heimsóknir

Yfir skólaárið hittast elstu nemendur Krakkaborgar og yngstu nemendur Flóaskóla reglulega. Að jafnaði er miðað við þrjár heimsóknir fyrir áramót og 6 – 7 heimsóknir eftir áramót. Þessar heimsóknir eru skipulagðar með það í huga að efla tengsl nemenda, kynna skólana, starfsemina

og umhverfið og vinna að sameiginlegum verkefnum. Heimsóknirnar fara að jafnaði fram fyrir hádegi, bæði í leik- og grunnskólanum en geta einnig verið í formi sameiginlegra vettvangsferða t.d. á bókasafnið, útivist. Skólarnir skulu einnig leitast við að bjóða nemendum hvors annars á uppákomur og sýningar, t.d. árshátíðir, leiksýningar. Kennarar beggja skóla vinna saman að vali á viðfangsefnum heimsókna og bera tengiliðir skólanna ábyrgð á skipulaginu.

Vorskóli

Um miðjan maí fara elstu nemendur Krakkaborgar í svokallaða vorskólaviku í Flóaskóla. Þá viku fara þeir í Flóaskóla alla daga og taka þátt í fjölbreyttu starfi skólans. Þeir fara meðal annars í tíma í sérgreinum eins og myndmennt, textíl. Þrjá fyrstu dagana koma nemendurnir úr leikskólanum og fara heim um hádegi. Tvo síðustu dagana er boðið upp á að nemendur séu sóttir að heiman með skólabíl og keyrðir heim með skólabíl að skóladegi loknum. Í vorskólanum skal leitast við að kynna fyrir nemendum sem flestar námsgreinar með áherslu á sérgreinar, íþróttir og sund. Tímarnir eru ýmist skipulagðir af umsjónarkennurum og faggreinakennurum Flóaskóla eða leikskólakennurum Krakkaborgar.

Samráðsfundir

Í upphafi skólaárs funda skólastjórnendur ásamt tengiliðum skólanna og skipuleggja starf vetrarins. Dagsetningar á öllum heimsóknum eru ákveðnar, staðsetning, hver ber ábyrgð á skipulagi heimsókna o.s.frv.

Í apríl funda skólastjórnendur og kennarar frá báðum skólunum og fara yfir skipulag vorskólavikunnar.

Í lok skólaárs er lagt mat á samstarf Krakkaborgar og Flóaskóla og gerð drög að áætlun fyrir næsta skólaár.

Skilafundir

Í apríl/maí er skilafundur vegna nemenda sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Fundinn sitja skólastjórnendur; umsjónarmenn stoðþjónustu beggja skóla ásamt þeim kennurum sem þurfa þykir. Leikskólinn ber ábyrgð á að öllum gögnum um viðkomandi nemendur, sem eiga að fylgja þeim milli skólastiga, sé skilað til grunnskólans.

Skilafundur verður 24. apríl 2024 kl 10:30.

Kynningarfundur fyrir foreldra

Fyrir vorskólaviku eru foreldrar verðandi 1. bekkinga boðaðir á kynningarfund í Flóaskóla. Þar er farið yfir skipulag vorskólavikunnar, skólastarfið kynnt og foreldrum gefinn kostur á að skoða skólann.

Annað

Flóaskóli og Krakkaborg skipuleggja sameiginlega fræðslufundi, fagfundi starfsmanna og annað samstarf milli skólanna eftir því sem verkefni og tækifæri gefa tilefni til.

Heimsóknir - Dagsetningar og staðsetning

Skólaárið 2023-2024 verða skólaheimsóknir á þriðjudögum. Mæting í Flóaskóla klukkan 09:40 og brottför um 11:00. Stefnt er að því að lengja skólaheimsóknir til 11:15 eftir áramót.

Gullin í grenndinni verða á þriðjudögum, yfirleitt síðasta þriðjudag hvers mánaðar. Mæting í Skagás klukkan 9:45 og brottför um 11:15

Frá Flóaskóla fara nemendur 1. og 2. bekkjar í Gullin ásamt tveimur kennurum. Frá Krakkaborg fer elsti árgangur ásamt tveimur kennurum

Dags.	Tímasetning	Staðsetning
Þri 5.sept	10:00-11:15	Krakkaborg - 1. bekkur í heimsókn
26.sept	9:45-11:15	Skagás - Gullin í grenndinni Flóaskóli sér um skipulag
Þri 10.okt	9:40-11:00	Flóaskóli - Skólaheimsókn Skoðunarferð um skólann og samvera á bókasafni Þórunn og Halla taka á móti
Þri 17.okt	9:45-11:15	Skagás - Gullin í grenndinni Krakkaborg sér um skipulag
Þri 14.nóv	9:40-11:00	Flóaskóli - Skólaheimsókn Skólahópur heimsækir 5.bekk (verðandi vinabekk). Nemendur í 5. bekk lesa fyrir nemendur í skólahóp Kennarar: Iðunn?? (5. bekkur er í náttúrufræði)
Þri 28. nóv	9:45-11:15	Skagás - Gullin í grenndinni Flóaskóli sér um skipulag

Þri 16. jan	9:40-11:00	Flóaskóli - Skólaheimsókn Skólahópur heimsækir yngsta stig, samvera og verkefni í kennslustund Kennarar: Hafdís, Íris, Unnur og Ragnar
Þri 20. feb	9:40-11:15	Flóaskóli – Skólaheimsókn Skólahópur heimsækir yngsta stig, samvera og verkefni í kennslustund Kennarar: Hafdís, Íris, Unnur og Ragnar
Þri 27. feb	9:45-11:15	Skagás - Gullin í grenndinni Krakkaborg sér um skipulag
Þri 7. mars	9:40-11:15	Flóaskóli – Skólaheimsókn Skólahópur heimsækir yngsta stig, samvera og verkefni í kennslustund Kennarar: Hafdís, Íris, Unnur og Ragnar
Þri 19. mars	9:45-11:15	Skagás - Gullin í grenndinni Flóaskóli sér um skipulag
Þri 9. apríl	9:40-11:15	Flóaskóli – Skólaheimsókn Skólahópur heimsækir yngsta stig, samvera og verkefni í kennslustund Kennarar: Hafdís, Íris, Unnur og Ragnar
Þri 23. apríl	9:45-11:15	Skagás - Gullin í grenndinni - “Lokahóf” Krakkaborg sér um skipulag

Þri 7. maí

9:45-11:15

Krakkaborg – 1. bekkur í heimsókn

Vorskólavika í Flóaskóla

13.maí	Nemendur koma með skólabíl frá leikskóla	Skóladagur kl. 9:00 til 12:00	Nemendur fara með skólabíl til baka á leikskóla	Flóaskóli sér um skipulag og framkvæmd. Kennari/ar frá Krakkaborg fylgja nemendum í skólanum.
14.maí				
15.maí				
16. maí	Nemendur koma með skólabíl að heiman	Hefðbundinn skóladagur samkvæmt stundaskrá kl. 8:10 – 14:00	Nemendur fara heim með skólabíl að loknum skóladegi kl. 14:00	
17. maí				

